

Viðskiptaafgangur var 13,1 ma.kr. á þriðja ársfjórðungi 2021 – hrein staða við útlönd jákvæð um 41,1% af landsframleiðslu

Á þriðja ársfjórðungi 2021 var 13,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 50 ma.kr. betri niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 12,5 ma.kr. betri en á sama fjórðungi árið 2020. Halli á vöruskiptajöfnuði var 47,4 ma.kr. en 60,3 ma.kr. afgangur var af þjónustujöfnuði. Frumþáttatekjur skiluðu 7,9 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 7,7 ma.kr. halla (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2021 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2020/3</u>	<u>2020/4</u>	<u>2021/1</u>	<u>2021/2</u>	<u>2021/3</u>
Viðskiptajöfnuður	0,6	22,0	-23,8	-36,9	13,1
Vöruskiptajöfnuður	-32,1	-15,6	-21,0	-56,3	-47,4
Þjónustujöfnuður	19,9	25,9	-8,3	22,6	60,3
Jöfnuður frumþáttatekna	14,4	20,1	13,0	4,4	7,9
Rekstrarframlög, nettó	-1,7	-8,4	-7,6	-7,6	-7,7
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,9	-0,7	-0,8	-0,5
Fjármagnsjöfnuður	58,8	14,0	19,4	15,3	88,7
Bein fjárfesting	15,2	8,3	43,4	19,4	-18,9
Verðbréf	89,2	49,8	-135,4	32,8	80,1
Afleiður	-2,1	-0,8	-0,9	2,6	2,6
Önnur fjárfesting	19,6	8,9	33,2	-52,8	-29,7
Gjaldeyrisforði	-63,0	-52,2	79,0	13,4	54,7
Skekkjur og vantalið, nettó	58,6	-7,0	43,9	53,0	76,2

Betri niðurstaða viðskiptajafnaðar en á sama ársfjórðungi árið 2020 skýrist aðallega af mun hagstæðari þjónustuviðskiptum² um sem nemur 40,4 ma.kr. Munar þar mest um 70,5 ma.kr. hærra verðmæti útfluttrar þjónustu en verðmæti innfluttrar þjónustu jókst mun minna, eða um 30,1 ma.kr. Vöruviðskipti voru lakari um sem nemur 15,3 ma.kr.

1. Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.sedlabanki.is
2. [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

Frumþáttatekjur voru 6,5 ma.kr. óhagstæðari og halli rekstrarframlaga jókst um 6,1 ma.kr.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.294 ma.kr. eða 41,1% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 175 ma.kr. eða 5,6% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.964 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.670 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 89 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir hækkuðu um 179 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir um 90 ma.kr. Virði eigna hækkaði á ársfjórðungnum um 210 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skulda um 124 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar bættu því hreina erlenda stöðu um 86 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum lækkaði um tæp 1% milli fjórðunga en verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði hækkaði um 5,6%. Gengi krónunnar lækkaði um 3,4% miðað við gengisskráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2021/2	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2021/3
Erlendar eignir, alls	4.574	179	210	1	4.964
Bein fjárfesting	782	-1	26	10	817
Verðbréf	2.381	104	125	0	2.611
Afleiður*	8	-7	7	0	9
Önnur fjárfesting	547	29	23	-9	589
Gjaldeyrisforði	856	55	29	0	939
Erlendar skuldir, alls	3.455	90	124	1	3.670
Bein fjárfesting	1.013	18	26	-9	1.048
Verðbréf	1.573	24	62	0	1.659
Afleiður*	12	-9	11	0	13
Önnur fjárfesting	857	58	24	10	950
Hrein staða þjóðarbúsins	1.119	89	86	0	1.294
% af VLF	35,6%	2,8%	2,7%	0,0%	41,1%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.